

**131. löggjafarþing 2004-2005.**

**Þskj. 781 - 512. mál**

**Fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra  
um sjúkrahússbyggingar í Fossvogi.**

**Frá Ástu Möller.**

**Munnlegt svar.**

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður, Ásta Möller, hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

*Hvaða hugmyndir eru uppi um ráðstöfun sjúkrahússbygginga í Fossvogi, áður Borgarspítalans, þegar starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur verið sameinuð á einn stað við Hringbraut?*

Þann 27. apríl 2004 undirritaði ég fyrir hönd ríkisins ásamt borgarstjóra Reykjavíkurborgar samning þar sem fjallað er m.a. um lóðir á vegum Landspítalans í Fossvogi. Í samningnum segir, að þær lóðir sem LSH hafi umráð yfir í Fossvogi komi með samkomulaginu í hlut Reykjavíkurborgar að öðru leyti en því að aðalbyggingu spítalans verði afmörkuð lóð sem nánar er skilgreind í samningnum.

Þá segir, að verði tekin ákvörðun um flutning þeirrar starfsemi sem nú fer fram í aðalbyggingu sjúkrahússins í Fossvogi í tengslum við uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut, muni Reykjavíkurborg ekki standa í vegi fyrir því að eignin verði nýtt með öðrum hætti en í þágu heilbrigðisþjónustu.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um ráðstöfun sjúkrahússbygginganna í Fossvogi, en nokkrar hugmyndir hafa verið til umræðu. Það er rétt að taka fram að um hugmyndir er að ræða og ítreka ég það þar sem enn hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um framkvæmdir. Það er afar brýnt að fara ekki fram úr sér í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi hafa þær nefndir, sem ég hef skipað til þess að fjalla um uppbyggingaráformin, gert ráð fyrir að eignir Landspítalans á höfuðborgarsvæðinu verði seldar, og söluandvirðið nýtt til uppbyggingar sjúkrahússins. Ljóst er að þarna er um mikil verðmæti að ræða, og vel má hugsa sér að húsnæði Borgarspítalans gamla geti nýst fyrir aðra starfsemi en heilbrigðisþjónustu.

Í öðru lagi hefur verið til lauslegrar skoðunar hvort nýta mætti húsnæðið í Fossvogi fyrir öldrunarþjónustu, en það myndi koma í góðar þarfir. Húsnæðið er alls 28.000 fermetrar og var B-álma þess hönnuð sem öldrunarlækningadeild. Í húsnæðinu mætti koma fyrir á þriðja hundrað legurýmum, auk margvíslegrar þjónustu fyrir hina öldnu einstaklinga.

Í þriðja lagi hafa verið nefndar hugmyndir um nýtingu Borgarspítalans gamla sem miðstöðvar fyrir endurhæfingarstarfsemi, og mun húsnaðið að henta nokkuð vel fyrir slíkt hlutverk.

Virðulegi forseti, ég vil ítreka að hér er aðeins um lauslegar hugmyndir að ræða og er í raun ekki farið að gera neinn formlegan samanburð á þeim möguleikum sem til greina kæmu, enda vart tímabært.

Núgildandi áætlanir gera ráð fyrir sölu Borgarspítalans, en aðstæður í samfélaginu á þeim tíma þegar þessar byggingar tæmast og losna munu ráða miklu um nýtingu eignarinnar.

Ljóst er, að húsnaðið í Fossvogi mun verða notað fyrir starfsemi spítalans um ára og jafnvel áratugar skeið, þar til starfsemin verður öll flutt í hinar nýju byggingar sem rísa munu við Hringbrautina, en aftur vil ég taka fram af gefnu tilefni að enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um framkvæmdir þótt verið sé að undirbúa málið.

(Talað orð gildir)